

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 851/2006 frá 9. júní 2006 um hvaða atriði skuli talin fram undir einstökum liðum á eyðublöðum fyrir bókhaldsyfirlit í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70 ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 851/2006 fellur reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2598/70 úr gildi, en sú gerð er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Ákvæði 2. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2598/70) falli brott:
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 2. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2598/70, brottfallin):

„2a. **32006 R 0851**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 851/2006 frá 9. júní 2006 um hvaða atriði skuli talin fram undir einstökum liðum á eyðublöðum fyrir bókhaldsyfirlit í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70 (Stjtið. ESB L 158, 10.6.2006, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 851/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 29, og EES-viðbæti nr. 15, 29.3.2007, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 158, 10.6.2006, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 278, 23.12.1970, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.